



Nýtt „bagg“ – tóbakslíki.

Tilkynning var send á foreldra grunnskólabarna í Sveitarfélaginu Árborg sl. mánudag. Um var að ræða ábendingu um neysluvöru sem ber nafnið KICKUP - Energy Effect sem er selt í t.d. Nettó, N1 og Samkaup. Varan er svokallað tóbakslíki sem inniheldur ekki nikotín en hún inniheldur hins vegar koffín og gefur svipuð áhrif og venjulegt munntóbak. Koffínmagn í hverri dollu/bauk er svipað og í einum orkudrykk. Innflutningsaðilinn tekur fram að varan sé ekki æskileg börnum undir 16 ára aldri og var samkvæmt þeim sú lína lögð að varan yrði ekki seld til barna undir 16 ára. Tilkynninguna má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins en einnig er hægt að nálgast upplýsingar um vöruna á www.kickup.is.



Kynfræðsla í grunnskólum Árborgar – Sigga Dögg kom í heimsókn



Dagana 14. – 21. janúar síðastliðinn fór kynfræðingur Sigríður Dögg Arnardóttir með fyrirlestur um kynlíf og kynferðislega hegðun í alla bekk í 8. – 10. bekk í grunnskólum Árborgar. Fræðslan var kynjaskipt á skólatíma en svo var boðið uppá fyrirlestur síðdegis fyrir foreldra unglínganna. Að lokum var skorað á unglíngana að mæta í lokin á foreldrafyrirlesturum og taka nokkrar æfingar með foreldrum sínum í samtali um kynlíf. Stefnt er að því að fá hana Siggu til að halda fyrirlestur fyrir ungmenni 16 ára og eldri í Ungmennahúsinu Pakkhúsinu um sama efni.

Ábendingar til foreldra

Glöggir lesendur okkar ástfólgnu Dagskrár sem kemur inn á öll heimili í sveitarfélaginu hafa tekið eftir nokkrum vel völdum ábendingum til foreldra á síðastliðnum mánuðum. Má nefna ábendingar eins og; „Kaupir þú áfengi fyrir barnið þitt?“, „Veist þú hvar barnið þitt er á kvöldin?“ og „Þorir þú að tala um kynlíf við barnið þitt“. Forvarnarhópurinn mun halda áfram að senda frá sér slíkar ábendingar næstu vikur og mánuði.

Er barnið þitt á Formspring ?

Tékkaðu á því á Formspring.me

Formspring er einn helsti vettvangur rafræns eineltis !

Forvarnarhópur Árborgar

Tölvunotkun og Tölvufíkn



Í nóvember fór Helga Lind Pálsdóttir félagsráðgjafi með fræðslu um tölvunotkun og hegðun á internetinu í alla 7. bekk í grunnskólum sveitarfélagsins. Óskað hefur verið eftir samskonar fyrirlesturum fyrir 8. Bekk og er stefnt að því að halda fyrirlestra fyrir börn í 8. bekk og foreldra þeirra í apríl næstkomandi.